

Allen gegn Bretlandi

Dómur frá 12. júlí 2013 - Yfirdeild

Mál nr. 25424/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Grundvöllur sakfellingar. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð.

1. Málsatvik

Kærandi, Lorraine Allen, er breskur ríkisborgari, fædd árið 1969. Þann 7. september árið 2000 var hún dæmd til þriggja ára fangelsisvistar fyrir að hafa orðið fjögurra mánaða gömlum syni sínum að bana. Sakfelling hennar var m.a. byggð á vitnisburði sérfræðinga sem báru fyrir dómi að þeir áverkar sem fundust á syni hennar samræmdust lýsingu á svokölluðu „shaken baby syndrome“ og að ætla mætti að harkalegur hristingur hefði valdið dauða hans. Kærandi áfrýjaði dóminum og lagði fram ný gögn, sem bentu til þess að umræddir áverkar gætu átt sér aðrar skýringar. Með dómi áfrýjunardómstóls 21. júlí 2005 var sakfelling kæranda felld úr gildi og var vísað til þess að hin nýju gögn kynnu að hafa haft áhrif á niðurstöðu kviðdóms um sekt hennar. Ákærvaldið krafðist ekki endurupptöku málsins þar sem kærandi hafði þá þegar afplánað dóm sinn.

Kærandi krafðist bóta vegna fangelsisvistar sinnar á grundvelli lagaákvæðis sem mælti fyrir um bótarétt þeirra sem hefðu verið ranglega dæmdir til fangelsisvistar. Stjórnvöld féllust ekki á bótakröfu hennar og skaut hún þeirri ákvörðun til dómstóla. Dómstólar höfnuðu jafnframt kröfu kæranda á þeim grundvelli að dómur áfrýjunardómstólsins um að fella sakfellingu hennar úr gildi hefði ekki falið í sér staðfestingu á því að hún hefði verið ranglega dæmd, heldur hafi einfaldlega verið talið að hin nýju gögn sýndu að kviðdómur kynni að hafa sýknað hana hefðu þau legið fyrir við málsmeðferð fyrir dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun dómstóla um að hafna bótakröfu hennar fæli í sér brot gegn 2. mgr. 6. gr. sáttmálans um að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

Niðurstaða

Dómstóllinn útskýrði í upphafi að 2. mgr. 6. gr. sáttmálans tryggði ekki einstaklingum sérstakan og sjálfstæðan rétt til bóta hafi þeir verið ranglega dæmdir til fangelsisvistar. Tekið var fram að ákvæðinu væri að meginstefnu ætlað að taka til málsmeðferðar fyrir dómstólum. Þó væri ákvæðinu einnig ætlað að veita einstaklingum, sem hefðu ekki verið sakfelldir fyrir refsiverða háttsemi, vernd gegn því að stjórnvöld kæmu fram við þá eins og að þeir hefðu í reynd verið sakfelldir.

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði ekki verið sýknuð „efnislega“ með fyrrgreindum dómi áfrýjunardómstólsins, enda þótt dómur um að fella úr gildi sakfellingu hennar hefði formleg einkenni sýknudóms. Talið var réttara að líta svo á að dómurinn væri í gildi þess að ákveðið hefði verið að láta sakamál gegn kæranda niður falla. Dómstóllinn tók til skoðunar þau skilyrði sem sett voru í breskum lögum fyrir bótageiðslum til þeirra sem hefðu verið ranglega dæmdir til fangelsisvistar. Lögð var áhersla á að ekkert þeirra skilyrða gerði ráð fyrir sjálfstæðu mati á sekt þess sem krafðist bóta. Þá var ekki talið að orðalag í dómum breskra dómstóla vegna bótakröfunnar hefði með nokkrum hætti varpað rýrð á sakleysi kæranda, enda hefði ekki verið tekin afstaða til þess hvort líkur væru á því að hún yrði sýknuð eða sakfelld með hliðsjón af hinum nýju gögnum. Þvert á móti hefðu breskir dómstólar ítrekað tekið fram að það væri hlutverk kviðdóms að meta hin nýju gögn hefðu ný réttarhöld farið fram. Með hliðsjón af þessu var talið ljóst að hlutverk áfrýjunardómstólsins hefði eingöngu verið að meta hvort sakfelling kæranda hvíldi á öruggum grundvelli með vísan til hinna nýju gagna, en ekki að ákvarða sekt hennar eða sakleysi.

Dómstóllinn lagði áherslu á að við meðferð dómstóla á bótakröfu kæranda hefði verið byggt á dómi áfrýjunardómstólsins. Hefði ekki verið reynt að komast að sjálfstæðri niðurstöðu um hvort

sakfelling kæranda hefði hvílt á traustum grunni. Að sama skapi hefði niðurstaða áfrýjunardómstólsins ekki verið dregin í efa eða mat dómstólsins á sönnunargögnum.

Samkvæmt framangreindu var ekki talið að brotið hefði verið gegn rétti kæranda til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.